

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði (hér eftir „Ísafjarðarbær“) og Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri ses., kt. 510517-0400 (hér eftir „Blábankinn“) gera með sér eftirfarandi:

Þjónustusamningur vegna Samfélagsmiðstöðvarinnar á Þingeyri, Blábanki

Þann 3. mars 2017 var undirritaður samningur milli Landsbankans, kt. 471008-0280, Ísafjarðarbæjar, kt. 540596-2639, Simbahallarinnar, kt. 450509-1320, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, kt. 580607-0710 og Vestinvest, kt. 640306-0250 utan um Blábanka-verkefni, þ.e.a.s. að koma á fót samfélagsmiðstöð, atvinnu- og þekkingarsetri á Þingeyri og koma að uppbyggingu samfélagsmiðstöðvar á Þingeyri. Í kjölfarið var Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri ses. (Blábankinn) stofnuð af aðilum samningsins.

1. gr.

Markmið

Markmið samnings þessa er að skilgreina þá þjónustu sem fram fer milli Ísafjarðarbæjar og Blábankans. Þjónustusamningur þessi er gerður í samræmi við 4. tölulið samnings um uppbyggingu samfélagsmiðstöðvar á Þingeyri - Blábanka verkefnið, dags. 3. mars 2017, sjá fylgiskjal samnings þessa.

2. gr.

Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær leggur til launagreiðslur að andvirði 25% stöðugildi húsvarðar/þjónustuaðila sem telst starfsmaður Blábankans á Þingeyri, með aðsetur í Blábankanum. Starfsmaðurinn er með óreglulega viðveru, en verkefni, viðvera og vinnutími skal vera í samráði við forstöðumann Blábankans, og er undir stjórn hans.

Húsvörður/þjónustuaðili tekur þátt í verkefnum Blábankans, veitir þjónustu, tekur við erindum og kemur þeim í réttan farveg. Starfsmaður sér til þess að svæðið umhverfis Blábankann sé snyrtilegt og vel um það gengið, auk þess að sinna minniháttar viðhaldi og endurbótum á húsnæði, þrifum og umhirðu innanhúss sem utan. Hann ber ábyrgð á þeim verkefnum sem honum eru falin á vegum Blábanka.

Launagreiðslur miðast við starf húsvarðar I, launaflokkur 122 hjá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, og uppfæriskvæmi fjárhæð sem nemur almennum breytingum á kjarasamningu á gildistíma samnings þess. Skulu verðuppfærslur metnar við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins, haustið fyrir komandi greiðsluár. Til viðmiðunar nema laun 25% starfs á árinu 2025 kr. 1.868.310, árlega, að meðtöldum launatengdum gjöldum.

Ísafjarðarbær veitir verkefninu árlegan fjárstuðning og þóknun fyrir þá þjónustu sem Blábankinn veitir Ísafjarðarbæ samkvæmt samningi þessum á gildistíma samnings þessa, sbr. 3. gr., að fjárhæð kr. 4.687.000. Greiðsla fer fram gegn útgáfu rafræns reiknings frá Blábankanum. Reikningur skal berast að lágmarki tveimur vikum fyrir greiðsludag.

3. gr.

Skyldur Blábankans

3.1. Aðgangur starfsmanna Ísafjarðarbæjar að vinnuaðstöðu

Ísafjarðarbær skal hafa aðgang að vinnuaðstöðu sem samsvarar að jafnaði einni starfsstöð á hverjum tíma utan þess sem greinir í 2. gr. samnings þessa. Starfsstöðin gæti ýmist verið í fundarherbergi eða skrifborð í opnu rými sem nýtt væri af Ísafjarðarbæ, stofnunum Ísafjarðarbæjar eða fyrirtækjum eða einstaklingum á vegum Ísafjarðarbæjar, eftir atvikum. Viðvera starfsmanna Ísafjarðarbæjar skal kynnt af starfsmönnum Blábankans á heimasíðu, samfélagsmiðlum og/eða upplýsingatöflu eftir því sem samningsaðilar ákveða hverju sinni.

3.2. Þjónusta sem veitt skal í Blábankanum fyrir Ísafjarðarbæ

Þjónustan sem veitt skal í Blábankanum fyrir Ísafjarðarbæ er sú almenn þjónusta sem annars skal afgreidd af þjónustufulltrúa Ísafjarðarbæjar og einstaka öðrum þjónustustofnunum, svo sem:

- a) tengiliður íbúa Þingeyrar við bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar eftir atvikum,
- b) leiðbeina íbúum við að sækja um þjónustu hjá Ísafjarðarbæ,
- c) leiðbeina íbúum við að finna upplýsingar um þjónustu hjá Ísafjarðarbæ,
- d) setja fram tilkynningar frá Ísafjarðarbæ eða aðrar er varða Dýrafjörð,

- e) þjónusta íbúa við úttektir bóka, tímariti og aðgengi að öðrum miðlum m.a. í samstarfi við Bókasafn Ísafjarðarbæjar,
- f) aðstoða stjórn Hverfisráðs Dýrafjarðar eftir þörfum við skipulagningu funda, samskipti og verkefni hverfisráðsins,
- g) önnur þjónusta sem kann að vera þörf á, eftir nánara samkomulagi.

Starfsmenn Blábankans skulu fá upplýsingar og þjálfun frá starfsmönnum bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar undir stjórn sviðstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs eftir þörfum.

4. gr.

Samskipti

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Tengiliður Ísafjarðarbæjar vegna samningsins er bæjarritari. Tengiliður Blábankans er starfandi forstöðumaður Blábankans, en stjórnarformaður í hans forföllum.

5. gr.

Vanefndir

Vanefni Blábankinn skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum skal samningurinn falla úr gildi.

Hætti Blábankinn starfsemi á gildistíma samningsins falla greiðslur skv. 2. gr. samnings þessa niður.

6. gr.

Gildistími

Gildistími samnings þessa eru 3 ár, þ.e.a.s. árin 2025-2027.

Samningurinn er óuppsegjanlegur. Samninginn skal endurskoða ef aðilar telja þörf á.

7. gr.

Annað

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samnings þessa eða túlkun hans, skulu aðilar reyna að leita allra leiða til að leysa ágreininginn með friðsamlegum hætti. Takist ekki að leysa ágreiningsmál, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði.

Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

21. nóvember 2024

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Samfélagsmiðstöðvarinnar á Þingeyri ses.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri

Sædís Ólöf Þórsdóttir, stjórnarformaður